

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 465, 27. nóvember 1990,  
um veiðar í atvinnuskyni með áorðnum breytingum.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir fiskveiðitímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 skal heildarafli, miðað við áætlaðan línuafli í janúar og febrúar og úthlutað aflamark úr helstu botnfisktegundum verða:

	Heildarafli (þús.lestir)	Áætlað utan aflamarks Línuafli (þús.lestir)	Úthlutað aflamark (þús.lestir)
1. Þorskur . . . . .	245	7	238
2. Ýsa . . . . .	48	1	47
3. Ufsi . . . . .	65		65
4. Karfi . . . . .	55		55
5. Grálúða . . . . .	33		33
6. Skarkoli . . . . .	7		7

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1991.*

**Halldór Ásgrímsson.**

Árni Kolbeinsson.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 55/1991, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.**

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður er orðist svo:

Þó má magn matvæla sem aðilar sem taldir eru upp í 2. tölul. 2. gr. flytja inn vera 9 kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 9. apríl 1991.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.